



Hjallastefnan

Öryggisáætlun

Í leikskólanum Hjalla er öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður.

Í okkar tilfalli er það sami starfsmaður sem sér um bæði hlutverkin og hefur það reynst afar vel.

Hlutverk er að huga að húsnæði, umhverfi og viðbragðsáætlun fyrir skólann.

+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is

Ábyrgð:

- Öryggisvörður/trúnaðarmaður (Ö/T) tekur á mótí ábendingum starfsfólks um viðhald, endurbætur og fleira sem kemur upp og fylgir eftir að brugðist sé við.
- Ö/T sér um að sýna starfsfólki slökkvitæki og útgönguleiðir.
- Ö/T sér um að allar útgönguleiðir séu færar og ber ábyrgð á að slökkvitæki séu yfirfarin á hverju ári.
- Allt starfsfólk ber jafna ábyrgð á að rýma húsnæðið.
- Kennarar bera ábyrgð á sínum hópum/kjörnum þegar búið er að rýma skólann og yfirfara nafnalista í Karellen.
- Hver kjarni hefur sitt útisvæði til að hittast á þar sem farið er yfir nafnalista.

Skipulag um rýmingu er á hverjum kjarna og starfsfólk er reglulega upplýst um hvernig það virkar. Einnig eru rýmingaræfingar haldnar með börnum reglulega.

